



1. fundur stjórnar Aftureldingar 20. apríl 2011

Fundur settur kl. 17:27 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson hafði boðað forföll.

Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Staða á samningamálum við Mosfellsbæ
3. Fara yfir stöðu eftir fund formanns og framkvæmdastjóra með fimeikum
4. Helstu verkefni framundan
5. Önnur mál.

1. Stjórn skipti þannig með sér verkum: Guðjón Helgason verður varaformaður, Helga Jóhannesdóttir gjaldkeri og Anna Sigríður Guðnadóttir ritari. Ásmundur Pálsson er meðstjórnandi.
2. Brynjar fór yfir stöðu samningamála við bæinn. Bæjarstjóri vildi að ný stjórn staðfesti þá stefnu sem stjórnin 2010-2011 hafði varðandi samninga við bæinn og aðstöðumál. Ný stjórn staðfestir að hún starfi skv. sömu stefnumörkun og fyrri stjórn og lýsir ánægju sinni með að samningar við Mosfellsbæ séu að komast í höfn.
3. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með formanni fimeikadeildar og fleira stjórnarfólki um aðstöðu deildarinnar. Farið yfir ýmsa möguleika til að leysa aðstöðumál fimeikanna þannig að allar deildir megi vel við una og er það mál í vinnslu.
4. Formannafundur þarf að fara fram fljótlega. Rætt að setja niður atburðadagatal, skoða þarf skipan siðanefndar og laganefndar, jafnréttishóp, starfshóp um bókhald, nýtt form fjárhagsáætlunar, reglur um fjáraflanir. Ákveðið að vinna í skipulagningu starfsins á næsta fundi. Formaður og framkvæmdastjóri setji upp gróft skema fyrir árið til að vinna nánar inn í.
5. Önnur mál. Til upplýsingar fyrir nýja varamenn í aðalstjórn fór framkvæmdastjóri yfir staðreyndir svokallaðs búningamáls og atburðarás í kringum það, sem og önnur mál sem tóku mikinn tíma hans og fyrri stjórnar, allt frá sumri 2010 til seinni aðalfundar ársins 2011 þegar núverandi stjórn var kjörin.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 27. apríl kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar